

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 20. september 2022 eftirfarandi:

Urriðaholtsstræti 9, breyting á deiliskipulagi 4. áfanga Urriðaholts.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að notkun breytist úr verslun og þjónustu í íbúðir fyrir 50 ára og eldri, kvaðir eru settar um sameiginleg rými. Gert verður ráð fyrir 80 íbúðum, 24 íbúðir undir 90 m² og 56 íbúðir yfir 90 m². Almennir skipulagsskilmálar fyrir íbúðir í 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts gilda fyrir lóðina eftir breytingu. Lóðarmörk Urriðaholtsstrætis 7 og 9 og lóðarmörk spennistöðvar breytast. Byggingarreitur hliðrast og breytist. Byggingarreitur er brotinn upp og myndaðar sjónlínur milli byggingarhluta. Salarhæðir og hæðafjöldi byggingar breytist og hámarkshæð húss breytist lítillega. Hámarkshæð tveggja inngangseininga lækkar, hámarkshæð einnar einingar er óbreytt en hámarkshæð inngangseiningar næst Lautargötu hækkar um 0,8 m. Byggingarmagn á lóðinni minnkar. Bílastæðum á lóð fækkar til samræmis við breytta landnotkun. Aðkoma að bílakjallara breytist. Krafa er gerð um grasstæði næst Urriðaholtsstræti. Aðkomugata færast lítillega til vesturs en tenging við Urriðaholtsstræti helst óbreytt.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 2. desember 2021 eftirfarandi:

Breyting á deiliskipulagi Hnoðrahólts.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir breytingu á byggingarreitum sem hefur það að markmiði að bæta búsetugæði íbúðanna. Byggingarmagn breytist ekki en fjöldi íbúða getur orðið á bilinu 180-220 í stað 200 áður.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 23. september 2022.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 23. september 2022